

# I. Inngangur

---

## Frá útgáfustjóra.

Þá er kjarakönnun 2002 meðal tæknifræðinga lokið og er þetta í fjórða sinn sem könnunin er með þessu sniði og annað skiptið sem könnun er rafræn. Nú í ár tóku þátt í könnuninni 42,6 % , en 46,2 % í fyrra og er það áhyggjuefni að ekki fleiri sjái sér fært að svara könnuninni.

Þar sem þátttakan í könnuninni er ekki betri en raun bar vitni hefur verið ákveðið að hún verði ekki gefin út í hefðbundnu útprentuðu eintaki eins og undanfarin þrjú ár. Í staðinn verður könnunin sett inn á heimasíðu Kjarafélags Tæknifræðinga þar sem félagsmenn geta kynnt sér niðurstöðurnar.

Vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi og geti borið saman sín laun við það sem er að gerast á markaðinum. Ég vil biðja þá félagsmenn velvirðingar sem ekki var gefinn kostur á að svara í þetta sinn en jafnframt benda á að mikilvægt er að tilkynna breytingar á netföngum til skrifstofu TFÍ til að tryggja að félagsmenn fái sent það efni sem skrifstofa TFÍ sendir út.

Að lokum vil ég þakka þeim sem tóku þátt en að sama skapi hvetja alla þá Tæknifræðinga sem ekki tóku þátt í þessari launakönnun að vera virkari og taka þátt í þeirri næstu, því könnunin verður mun marktækari ef fleiri taka þátt.

Jón Ísaksson Guðmann

## Framkvæmd og heimtur.

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður kjarakönnunar meðal tæknifræðinga, sem gerð var árið 2002. Heildarfjöldi svarenda var 313 manns, eða 42,6%. Þetta er aðeins lægra svarhlutfall en árið 2001, en þá var það 46,2%.

Framkvæmd könnunarinnar var með sama móti og árið 2001. Meðlimum Tæknifræðingafélagsins var sendur spurningalisti með tölvupósti og svöruðu þeir honum með tölvupósti. Þessi aðferð gaf góða raun í fyrra og var því ákveðið að hafa sama máta á framkvæmd könnunarinnar. Úrvinnsla könnunarinnar var í höndum Félagsvísindastofnunar.

Launaspurningar miðuðust við árslaun 2001 annars vegar og laun í september 2002 hins vegar. Spurt var um launagreiðslur, yfirvinnu, bílagreiðslur og dagpeninga auk annarra greiðslna. Á grundvelli þeirra svara voru reiknaðar heildarlaunagreiðslur 2001 og í september 2002. Laun þeirra sem voru í minna en fullu starfi, en þó í hálfu starfi eða meira, voru uppfærð miðað við fullt starf.

Ekki eru birtar niðurstöður í töflum eða myndum ef svarendur eru þrír eða færri, bæði til að koma í veg fyrir að hægt sé að tengja niðurstöður við ákveðna einstaklinga auk þess sem tölfræðileg skekkja slíkra niðurstæðna er umtalsverð.

Í töflum og myndum eru launatölur birtar í þúsundum króna. Þegar summa einstakra liða í töflunum er ekki jöfn heildargreiðslum getur það stafað af tvennu. Annars vegar er það vegna námundunar einstakra talna vegna aukastafa. Hins vegar er það vegna úrvinnsluáðferðar launaliða annarra en fastra launa og yfirvinnugreiðslna. Sá háttur var hafður á að reikna meðallaun einstakra launaliða á grundvelli þeirra sem á annað borð fengu einhverjar greiðslur í þeim launalið. Þeir sem fengu engar greiðslur voru ekki teknir með í útreikninga því það hefði orsakað mjög lágar tölur þar sem margir höfðu engar greiðslur í sumum launaliðum. Því er mismunandi fjöldi svara á bak við hvern launalið, en fjöldatölur eru miðaðar við þann fjölda svarenda sem hægt var að reikna heildargreiðslur hjá. Staðalfrávik er gefið upp fyrir heildarlaun, en það sýnir þau mörk sem 67% svarenda liggja innan, það er ofan og neðan við meðaltalið. Dæmi: Á árinu 2001 voru heildargreiðslur þeirra tæknifræðinga sem útskrifuðust árið 1994 að meðaltali 4.910 þúsund. Staðalfrávik er 857 þúsund þannig að um 67% þeirra sem útskrifuðust þetta ár hafa heildartekjur á bilinu 4.053 þús. til 5.767 þús. Ef miðað er við tvö staðalfrávik fyrir ofan og neðan meðaltal fellur 95% svarenda innan þess bils.

Til útskýringar koma hér skilgreiningar á hvað felst í þeim hugtökum sem standa fyrir ýmsar heildargreiðslur.

*Heildargreiðslur (í septemberlaunum):* Lögð voru saman föst laun, yfirvinnugreiðslur, bílagreiðslur, dagpeningar og aðrar greiðslur.

*Heildarlaun (í árslaunum):* Föst laun auk allra yfirvinnugreiðslna.

*Heildargreiðslur (í árslaunum):* Föst laun auk allra yfirvinnugreiðslna, bílagreiðslna, dagpeninga og annarra greiðslna.

Í spurningu um fagsvið var enginn sem taldi *efnasvið* vera sitt fagsvið og birtist sá liður því ekki í neinni töflu.

Í könnuninni var starfsvettvangi skipt upp í 11 liði, sex á almennum markaði og fimm hjá hinu opinbera, auk þess sem liðurinn *sjálfstætt starfandi* var í boði. Til að hægt væri að nota þessa breytu við ítarlega greiningu gagnanna voru gildi hennar sameinuð í fjóra flokka á grundvelli skyldleika einstakra starfa. Þá stóðu eftir tveir flokkar fyrir störf á almennum markaði og tveir flokkar fyrir störf hjá hinu opinbera:

- a) *Stofur:* Verkfræðistofur og tölvuþjónusta.
- b) *Annað á almennum markaði:* Verslun, þjónusta, iðnaður, verktakar og sjávarútvegur.
- c) *Ríki og Reykjavíkurborg:* Ríkisstofnanir, Reykjavíkurborg og menntastofnanir.
- d) *Sveitarfélög og hálfopinberar stofnanir:* Sveitarfélög og hlutafélög í eigu hins opinbera.

## II. Almennt yfirlit

---

Skipting svarenda var þannig að einungis fimm konur (1,6%) voru í svarendahópnum og voru því 98,4% karlar, en fimm svarendur gáfu ekki upp kynferði sitt. Menntun svarenda var einnig misskipt, 96,1% höfðu lokið B.Sc. prófi og einungis sex höfðu lokið M.Sc. prófi. Enginn hafði lokið doktorsprófi, en sex merktu við liðinn *Annað*.

Í töflu II.1 má sjá að fjölmennasta fagsviðið var byggingarsvið (42%), en næst fjölmennast var rafmagnssvið (28%).

**Tafla II.1 Fagsvið tæknifræðinga**

Fagsvið	Fjöldi	Hlutfall
Byggingarsvið	129	42%
Rafmagnssvið	85	28%
Véla-/skipasvið	49	16%
Rekstar-/iðnaðarsvið	40	13%
Orkusvið	3	1%
Önnur fagsvið	3	1%
Ekki svarað	3	-
<i>Alls</i>	<i>312</i>	<i>100%</i>

Um 53% svarenda störfuðu á almennum markaði, um 40% hjá ríki, sveitarfélögum eða hálfopinberum stofnunum, tæp 3% voru sjálfstætt starfandi og um 4% voru á öðrum starfsvettvangi. Í töflu II.2 má sjá hvernig svörun skiptist nánar á einstaka geira og einnig hlutfall innan almenna markaðarins annars vegar og opinbera geirans hins vegar.

**Tafla II.2 Starfsvettvangur tæknifræðinga**

<b>Starfsvettvangur</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>	
<b>Almennur markaður</b>			<b>Hlutfall af almennum markaði</b>
Verkfræðistofa	64	21%	39%
Iðnaður	45	15%	27%
Verslun/þjónusta	27	9%	16%
Verktakar	13	4%	8%
Tölvuþjónusta	11	4%	7%
Sjávarútvegur	4	1%	2%
			<b>Hlutfall af hinu opinbera</b>
<b>Hið opinbera</b>			
Ríkisstofnun	57	18%	46%
Sveitarfélag	24	8%	19%
Reykjavíkurborg	19	6%	15%
Hálfopinber stofnun	18	6%	15%
Menntastofnun	6	2%	5%
<b>Annað</b>			
Sjálfstætt starfandi	9	3%	
Annað-ótilgreint	12	4%	
Ekki svarað	3	-	
<i>Alls</i>	<i>312</i>	<i>100%</i>	

Í töflu II.3 má sjá að flestir tæknifræðinga störfuðu við stjórnun (38%). Næst flestir störfuðu við hönnun (18%) og þar á eftir störfuðu flestir við eftirlit (13%). Fæstir tæknifræðingar störfuðu hins vegar við vöruþróun og hugbúnað annars vegar (4%) og rannsóknir og kennslu hins vegar (3%).

**Tafla II.3 Starfssvið tæknifræðinga**

<b>Starfssvið</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Stjórnun	114	38%
Hönnun	56	18%
Eftirlit	40	13%
Ráðgjöf	29	10%
Framkvæmdir	27	9%
Markaðs- og sölustörf	17	6%
Vöruþróun/hugbúnaður	11	4%
Rannsóknir/kennsla	10	3%
Ekki svarað	8	-
<i>Alls</i>	<i>312</i>	<i>100%</i>

Flestir tæknifræðingar greiddu í LTFÍ, eða 74%, og 14% í LSR. Jafn hátt hlutfall tæknifræðinga greiddi í LVFÍ annars vegar og lífeyrissjóð Borgarinnar hins vegar, eða 3% og 8% greiddu í aðra sjóði. Þá voru 76% tæknifræðinga í KTFÍ/TFÍ og 24% í STFÍ/TFÍ.

Spurt var um fjölda vinnustunda í september og svöruðu tæpar 94% þeirri spurningu. Meðalvinnutími var tæpar 196 klukkustundir þennan mánuð, hvort sem miðað var við alla svarendur eða einungis þá sem voru í fullu starfi. Staðalfrávik vinnutíma var hins vegar 31 klukkustund hjá öllum svarendum en 30 klukkustundir hjá svarendum í fullu starfi. Þá höfðu um 67% svarenda undirritað fastlaunasamning, sem er 10 prósentustigum meira en árið 2001.

### III. Almenn launaþróun


---

Á myndum III.1 og III.2 má sjá þróun launa tæknifræðinga miðað við launaþróun almennt (miðað er við launavísitölu). Í árslaunum voru laun núvirðuð miðað við meðallaunavísitölu ársins 2001 en í septemberlaunum voru þau núvirðuð miðað við launavísitölu í september 2002. Árslaun hækkuðu milli árana 1995 og 1998, en frá 1998 til 1999 lækkuðu þau. Árið 2000 hækkuðu laun aftur og voru komin á svipaðar slóðir og árið 1998. En árið 2001 lækkuðu laun aftur og urðu áþekkt launum árið 1999 (sjá mynd III.1). Mánaðarlaun hækkuðu frá janúar 1996 til september 2000, en lækkuðu aftur í september 2001. Í september 2002 höfðu laun hækkað örlítið frá árinu áður (sjá mynd III.2).

**Mynd III.1. Árslaun:**

**Heildarlaun og heildargreiðslur.**


Þróun frá 1995 til 2001



**Mynd III.2. Mánaðarlaun:**

**Föst laun auk yfirvinnugreiðslna og heildargreiðslur.**

Þróun frá janúar 1996 til september 2002




Myndir III.3 og III.4 sýna þróun launa tæknifræðinga á þessu tímabili þegar tekið hefur verið tillit til verðlagshækkana (neysliverðsvísitölu). Í árslaunum voru laun núvirðuð miðað við meðalneysliverðsvísitölu ársins 2001 en í septemberlaunum voru þau núvirðuð miðað við neysliverðsvísitölu í september 2002. Að mestu leyti virðast árlegar *heildargreiðslur* og *heildarlaun* hækka milli ára, nema milli árunna 1998 og 1999 annars vegar og 2000 og 2001 hins vegar, en þá stóðu laun í stað eða lækkuðu (sjá mynd III.3). Mánaðarlaun virðast yfirleitt hækka milli ára fyrir utan að þau lækkuðu frá september 2000 til september 2001. Þau lækkuðu hins vegar aftur í september 2002 (sjá mynd III.4). Þetta á bæði við um *föst laun auk yfirvinnugreiðslna* og *heildargreiðslur*.

### Mynd III.3. Árslaun:

#### Heildarlaun og heildargreiðslur.


Þróun frá 1995 til 2001



### Mynd III.4. Mánaðarlaun:

#### Föst laun auk yfirvinnugreiðslna og heildargreiðslur.


Þróun frá janúar 1996 til september 2002



## IV. Helstu niðurstöður


Eins og sjá má á mynd IV.1 tengdust laun útskriftarári, þannig að því lengra sem líðið var frá útskrift því hærri voru launin. Hallatalan fyrir heildargreiðslur árið 2001 var 24.177, sem þýðir að árlegar heildargreiðslur tæknifræðinga hækka að meðaltali um 24.177 krónur fyrir hvert ár sem líður frá útskrift. Samsvarandi hallatala fyrir heildarlaun ársins 2001 var 20.128. Í báðum tilfellum voru tengsl launa og útskriftarárs tölfræðilega marktæk.

Mynd IV.1 Heildarlaun og heildargreiðslur árið 2001, eftir útskriftarári




Mánaðarlaun í september 2002 gefa svipaða mynd þó tengslin milli launa og tíma frá útskrift séu ekki eins sterk og þegar árslaunin eru skoðuð. Hallatalan fyrir heildargreiðslur í september var 1.384, sem þýðir að með hverju ári sem líður frá útskrift hækka mánaðarlegar heildargreiðslur tæknifræðinga að meðaltali um 1.384 krónur (tölfræðilega marktækt miðað við 90% öryggi). Hallatalan fyrir föst laun auk yfirvinnu var 1.221, en hún var ekki tölfræðilega marktæk.

## Mynd IV.2 Heildargreiðslur og föst laun auk yfirvinnu í september 2002, eftir útskriftarári




Á myndunum hér á eftir má sjá meðallaun einstakra hópa. Á mynd IV.3 má sjá að árslaun tæknifræðinga hækkuðu jafnt og þétt með hækkandi aldri til 59 ára aldurs, en eftir sextugt virtust launin lækka nokkuð. Í yngsta aldurshópnum voru að jafnaði lægstu árslaun en þau hæstu í aldurshópnum 40-49 ára og 50-59 ára, en þar voru heildargreiðslur ársins 2001 að meðaltali yfir 5 milljónir.

## Mynd IV.3 Heildarlaun og heildargreiðslur árið 2001, eftir aldri




Á mynd IV.4 má sjá að mynstrið í septemberlaunum var áþekkt mynstrinu í árslaunum. Þó voru tæknifræðingar á aldrinum 30-59 ára að jafnaði með mjög svipaðar greiðslur.

**Mynd IV.4 Heildargreiðslur og föst laun auk yfirvinnu í september 2002, eftir aldri**




Á mynd IV.5 má sjá að árslaun voru hæst í *verktakastarfsemi* annars vegar og í *tölvuþjónustu* hins vegar. Árslaun voru að jafnaði lægst hjá *ríkisstofnunum*. Greiðslur á öðrum starfsvettvöngum voru nokkuð jafnar og erfitt að greina á milli þeirra þar sem einungis var um úrtakstölur að ræða. Á mynd IV.5 vantar þá sem störfuðu í *sjávarútvegi*, ástæða þess er að svo fáir sem störfuðu á þeim vettvangi greindu frá árslaunum sínum.

**Mynd IV.5 Heildarlaun og heildargreiðslur árið 2001, eftir starfsvettvangi**




Mynstrið í septemberlaunum eftir starfsvettvangi var svipað því í árslaunum. Í *verktakastarfsemi* og *tölvuþjónustu* voru að jafnaði hæstu greiðslurnar en þær lægstu hjá *ríkisstofnunum* og þeim sem flokkuðust undir *annan starfsvettvang*.

### Mynd IV.6 Heildargreiðslur og föst laun auk yfirvinnu í september 2002, eftir starfsvettvangi




Þar sem svo fáir svarendur störfuðu á *orkusviði* annars vegar og því sem flokkaðist sem *önnur starfssvið* hins vegar, þá birtast þau starfssvið ekki í myndum IV.7 og IV.8. Ársgreiðslur voru að jafnaði nokkuð svipaðar eftir þeim fagsviðum sem tæknifræðingar störfuðu á. Einna helst mátti greina að tæknifræðingar á *rekstrar- og iðnaðarsviði* höfðu að jafnaði fengið hvað lægstar ársgreiðslur (sjá mynd IV.7).

### Mynd IV.7 Heildarlaun og heildargreiðslur árið 2001, eftir aðalfagsviði




Enn minni munur var á septembergreiðslum eftir fagsviði en sást í árslaunum. Meðalgreiðslur voru mjög svipaðar eftir fagsviðum og ekki hægt með góðu móti að greina frá lægri eða hærri greiðslum á einu fagsviði umfram önnur (sjá mynd IV.8).

**Mynd IV.8 Heildargreiðslur og föst laun auk yfirvinnu í september 2002, eftir aðalfagsviði**




Á mynd IV.9 má sjá að þeir tæknifræðingar sem störfuðu við *stjórnun* eða *framkvæmdir* höfðu að meðaltali hæstu ársgreiðslurnar. Þetta voru einu hóparnir sem höfðu meira en 5 milljónir í heildargreiðslur ársins 2001 í þessari greiningu. Þó voru tæknifræðingar sem störfuðu við *markaðs- og sölustörf* annars vegar og *ráðgjöf* hins vegar að jafnaði með litlu lægri ársgreiðslur. Þeir sem störfuðu við *rannsóknir og/eða kennsla* fengu að meðaltali lægstu ársgreiðslurnar.

**Mynd IV.9 Heildarlaun og heildargreiðslur árið 2000, eftir aðalstarfssviði**



Loks má sjá septemberlaun greind eftir starfssviði. Þeir sem unnu við *framkvæmdir* og *stjórnun* höfðu að meðaltali hæstu tekjur þennan mánuð. Þessir hópar voru einnig þeir einu sem fengu yfir 400 þúsund krónur í *föst laun auk yfirvinnu* í þessari greiningu. Tæknifræðingar sem störfuðu við *rannsóknir og/eða kennslu* fengu að jafnaði lægstu greiðslurnar. Meðalgreiðslur voru mjög svipaðar hjá tæknifræðingum sem störfuðu á öðrum sviðum en áður nefndum.


**Mynd IV.10 Heildargreiðslur og föst laun auk yfirvinnu í september 2002, eftir starfssviði**



Í greiningunni hér að framan sást hvernig laun tengjast einstökum þáttum.

Á mynd IV.11 má sjá samverkandi áhrif starfsaldurs og starfssviðs á heildargreiðslur ársins 2001. Á myndinni sést engin skýr þróun á launum eftir starfsaldri. Þar sem fjöldi svarenda leyfði birtingu niðurstaðna í þremur eða fleiri starfsaldursflokkum voru heildargreiðslur ársins 2001 nokkuð sveiflukenndar. Einungis hjá þeim sem störfuðu við *eftirlit* var tiltekin þróun sjáanleg, en þar hækkuðu ársgreiðslur ekki mikið með auknum starfsaldri. Erfitt var að meta launaþróun á starfssviðunum *ráðgjöf* og *framkvæmdir*, því launatölur frá þeim birtust einungis í tveimur starfsaldursflokkum vegna fámennis í hinum starfsaldursflokkunum. Meðal *ráðgjafa* lækkuðu laun með hækkandi starfsaldri en hækkuðu meðal þeirra sem störfuðu við *framkvæmdir*. Þar sem of fáir voru á bak við starfssviðin *kennsla/rannsóknir* og *vörubröun/hugbúnaður* eftir að þeim hafði verið skipt eftir starfsaldri, þá koma þau starfssvið ekki fram á mynd IV.11.

**Mynd IV.11 Samverkandi áhrif starfsaldurs og starfssviðs á heildargreiðslur ársins 2001**



## V. Launatöflur

---

Á næstu síðum er yfirlit í töfluformi um launaupplýsingar könnunarinnar, bæði árslaun 2001 og laun í september 2002. Í töflunum birtast upplýsingar um föst laun, yfirvinnu, bílagreiðslur, dagpeninga og aðrar greiðslur, ásamt *heildargreiðslum*, staðalfráviki heildargreiðslna og fjölda svarenda í hverjum undirhópi.

Launaupplýsingar voru greindar eftir þeim bakgrunnspáttum sem spurt var um í könnuninni og í sumum tilvikum voru upplýsingar brotnar niður eftir fleiri en einum þætti í einu. Í þessum töflum er því hægt að fá nokkuð nákvæmar upplýsingar um stöðu einstakra hópa. Þess skal þó getið að þar sem hópar eru fámennir eru meiri líkur á að þær tölur gefi ekki rétta mynd af þeim hóp en ef margir svarendur eru í hópnum. Þetta stafar af því að því færri sem eru í hóp, því meiri áhrif hafa launatölur sem eru óvenjulega háar eða lágur.

Tafla V.1 Árslaun 2001	Meðaltal greiðslna eftir útskriftarári tæknifræðiprófs						
	Fjöldi	Heildar- laun	Bíla- greiðsla	Dagpen- ingar	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
1968 og fyrr	11	4.302	223	137	61	4.536	1.093
1969-1970	8	4.546	338	161	662	4.983	2.038
1971-1972	10	4.539	440	250	500	4.954	1.238
1973-1974	14	5.066	349	144	112	5.393	1.266
1975-1976	8	4.789	345	123	139	5.201	1.409
1977	9	5.131	374	158	506	5.541	1.186
1978	7	5.266	627	153	222	5.812	2.365
1979	5	4.174	206	165	44	4.433	536
1980	6	5.223	731	236	180	5.576	984
1981	6	4.521	345	173	250	4.937	734
1982	6	4.578	151	143	0	4.725	1.207
1983	7	4.590	324	4	0	4.822	1.487
1984	5	4.435	155	122	0	4.636	783
1985	6	5.253	182	52	260	5.474	1.037
1986	8	4.453	450	350	0	4.653	969
1987	8	5.065	415	157	0	5.422	2.267
1988	11	4.979	319	123	107	5.318	806
1989	12	4.225	327	190	147	4.509	722
1990	14	5.240	267	181	28	5.474	1.215
1991	9	3.842	387	85	60	4.073	753
1992	13	4.652	242	278	168	5.077	917
1993	12	4.966	197	353	0	5.320	895
1994	8	4.910	249	185	0	5.181	857
1995	13	4.449	333	103	400	4.734	1.278
1996	7	4.517	384	201	330	4.865	1.357
1997	4	5.212	301	302	0	5.589	1.667
1998	12	4.425	183	294	250	4.666	955
1999	8	4.152	190	128	0	4.343	1.292
2000	10	3.822	157	131	135	3.983	925
2001-2002	7	2.577	160	0	0	2.645	719
Alls	264	4.605	296	183	182	4.906	1.293

Tafla V.2 Septemberlaun 2002	Meðaltal greiðslna eftir útskriftarári tæknifræðiþrófs							Staðal- frávik
	Fjöldi	Föst laun	Yfirvinna	Bíla- greiðsla	Dagpen- ingar	Annað	Heildar- greiðslur	
1968 og fyrr	12	282	104	21	63	14	405	101
1969-1970	8	296	101	30	26	0	411	143
1971-1972	10	313	109	42	65	38	451	178
1973-1974	16	336	121	28	22	20	469	101
1975-1976	8	324	101	37	40	21	452	89
1977	9	331	100	54	47	23	468	122
1978	8	404	17	45	20	20	460	145
1979	6	307	91	25	108	3	430	131
1980	6	413	30	53	0	0	457	93
1981	6	325	70	54	25	0	436	45
1982	6	338	86	13	19	0	408	76
1983	7	327	48	39	51	14	407	121
1984	6	316	18	17	74	21	374	32
1985	6	318	119	16	105	35	468	115
1986	8	322	36	39	35	0	386	70
1987	9	387	146	63	16	31	562	222
1988	11	336	67	30	59	44	444	60
1989	14	300	98	26	61	35	435	145
1990	15	420	62	27	63	15	497	140
1991	9	321	48	30	0	60	392	85
1992	13	366	44	34	54	33	465	76
1993	13	371	74	24	86	40	468	91
1994	8	360	62	21	10	0	428	72
1995	13	344	66	41	105	62	448	163
1996	7	287	59	33	0	30	364	78
1997	6	335	71	25	8	169	436	100
1998	12	317	102	28	49	0	456	82
1999	8	315	49	21	43	0	378	57
2000	10	291	61	17	15	0	357	121
2001	5	278	25	27	0	0	320	36
2002	7	248	83	27	0	20	350	59
Alls	282	333	76	32	50	33	435	118

Tafla V.3 Árslaun 2001	Meðaltal greiðslna eftir aldri						Staðal- frávik
	Fjöldi	Heildar- laun	Bíla- greiðsla	Dagpen- ingar	Annað	Heildar- greiðslur	
25-29 ára	8	3.405	256	349	0	3.804	2.022
30-39 ára	87	4.265	268	188	200	4.552	1.205
40-49 ára	105	4.812	290	189	147	5.077	1.296
50-59 ára	62	4.845	359	160	260	5.215	1.268
60 ára og eldri	19	3.859	246	117	161	4.119	1.146
Alls	281	4.545	295	183	192	4.844	1.323

**Tafla V.4 Meðaltal greiðslna eftir aldri  
Septemberlaun 2002**

	<i>Fjöldi</i>	<i>Föst laun</i>	<i>Yfirvinna</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dag-peningar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
25-29 ára	10	262	70	31	11	169	370	116
30-39 ára	94	338	71	30	56	34	436	154
40-49 ára	109	341	72	32	60	36	440	118
50-59 ára	67	335	95	36	42	20	453	117
60 ára og eldri	19	267	72	23	45	39	368	113
Alls	299	331	77	31	54	34	435	131

**Tafla V.5 Meðaltal greiðslna eftir starfsvettvangi  
Árslaun 2001**

	<i>Fjöldi</i>	<i>Heildar-laun</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dagpen-ingar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
Verkfræðistofa	58	4.546	227	145	291	4.800	1.363
Tölvuþjónusta	11	5.392	73	235	330	5.558	2.116
Verslun-þjónusta	25	4.457	272	118	109	4.664	909
Iðnaður	42	4.659	270	264	201	4.923	1.455
Verktakar	13	5.188	629	500	0	5.565	1.364
Sjávarútvegur	3	-	-	-	-	-	-
Ríkisstofnun	54	4.044	283	201	124	4.373	1.209
Reykjavíkurborg	17	4.540	409	155	216	5.063	1.240
Sveitarfélag	23	4.436	434	164	134	4.855	1.106
Hálfopinber stofnun	18	4.880	140	165	165	5.160	1.089
Menntastofnun	6	4.601	228	0	0	4.677	657
Annað	11	4.760	408	189	0	5.088	1.691
Alls	281	4.545	295	183	192	4.844	1.323

**Tafla V.6 Meðaltal greiðslna eftir starfsvettvangi  
Septemberlaun 2002**

	<i>Fjöldi</i>	<i>Föst laun</i>	<i>Yfirvinna</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dag-peningar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
Verkfræðistofa	64	317	99	23	17	25	426	126
Tölvuþjónusta	11	432	59	19	270	5	515	162
Verslun-þjónusta	27	382	14	30	52	23	424	78
Iðnaður	45	376	51	31	53	13	445	182
Verktakar	13	400	119	67	0	0	537	214
Sjávarútvegur	4	412	28	102	18	10	470	88
Ríkisstofnun	56	272	83	34	46	37	398	98
Reykjavíkurborg	19	277	99	34	72	55	431	91
Sveitarfélag	24	281	110	41	43	34	424	83
Hálfopinber stofnun	18	400	58	16	99	15	479	133
Menntastofnun	6	298	158	21	0	0	464	108
Annað	12	339	15	38	97	51	397	102
Alls	299	332	76	31	54	34	435	131

<b>Tafla V.7 Meðaltal greiðslna eftir aðalfagsviði</b>							
<b>Árslaun 2001</b>							
	<i>Fjöldi</i>	<i>Heildar-laun</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dagpen-ingar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
Byggingarsvið	118	4.470	332	202	233	4.809	1.395
Véla- og skipasvið	45	4.710	246	196	112	4.941	1.159
Rafmagnssvið	76	4.766	234	157	181	5.028	1.352
Rekstrar- og iðnaðarsvið	36	4.159	331	142	220	4.457	1.109
Orkusvið	3	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	3	-	-	-	-	-	-
Alls	281	4.545	295	183	192	4.844	1.323

<b>Tafla V.8 Meðaltal greiðslna eftir aðalfagsviði</b>								
<b>Septemberlaun 2002</b>								
	<i>Fjöldi</i>	<i>Föst laun</i>	<i>Yfirvinna</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dag-peningar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
Byggingarsvið	124	309	95	34	44	28	429	124
Véla- og skipasvið	48	355	51	35	102	15	437	95
Rafmagnssvið	84	353	71	24	51	46	448	129
Rekstrar- og iðnaðarsvið	37	337	56	37	47	47	422	187
Orkusvið	3	-	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	3	-	-	-	-	-	-	-
Alls	299	332	76	31	54	34	435	131

<b>Tafla V.9 Meðaltal greiðslna eftir aðalstarfssviði</b>							
<b>Árslaun 2001</b>							
	<i>Fjöldi</i>	<i>Heildar-laun</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dagpen-ingar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
Stjórnun	105	4.893	345	154	174	5.229	1.356
Ráðgjöf	26	4.585	295	202	395	4.845	1.699
Hönnun	46	4.318	164	164	224	4.526	1.243
Eftirlit	35	3.989	357	168	153	4.338	1.031
Vöruþróun-hugbúnaður	11	4.309	113	117	60	4.418	939
Rannsóknir-kennsla	10	3.561	330	298	70	3.780	1.021
Markaðs- og sölustörf	17	4.564	266	244	0	4.865	870
Framkvæmdir	26	4.757	321	257	503	5.127	1.326
Alls	276	4.549	294	183	203	4.846	1.332

<b>Tafla V.10</b>		<b>Meðaltal greiðslna eftir aðalstarfssviði</b>						
<b>Septemberlaun 2002</b>								
	<i>Fjöldi</i>	<i>Föst laun</i>	<i>Yfirvinna</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dag-peningar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
Stjórnun	112	359	77	32	50	40	466	148
Ráðgjöf	27	340	59	29	61	33	420	120
Hönnun	52	305	75	20	18	43	398	114
Eftirlit	39	286	102	48	39	27	421	114
Vöruþróun-hugbúnaður	11	356	36	14	270	14	422	95
Rannsóknir-kennsla	10	232	100	21	126	0	338	99
Markaðs- og sölustörf	17	361	20	27	42	0	405	45
Framkvæmdir	26	345	92	36	79	35	474	145
Alls	294	332	76	31	54	36	435	131

<b>Tafla V.11</b>		<b>Meðaltal greiðslna eftir kyni</b>					
<b>Árslaun 2001</b>							
	<i>Fjöldi</i>	<i>Heildar-laun</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dagpen-ingar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
Karl	274	4.563	296	185	196	4.865	1.316
Kona	5	3.685	422	86	0	3.804	1.636
Alls	279	4.547	297	184	196	4.846	1.326

<b>Tafla V.12</b>		<b>Meðaltal greiðslna eftir kyni</b>						
<b>Septemberlaun 2002</b>								
	<i>Fjöldi</i>	<i>Föst laun</i>	<i>Yfirvinna</i>	<i>Bíla-greiðsla</i>	<i>Dag-peningar</i>	<i>Annað</i>	<i>Heildar-greiðslur</i>	<i>Staðal-frávik</i>
Karl	292	332	77	32	54	35	437	132
Kona	5	291	73	24	0	0	359	81
Alls	297	332	77	32	54	35	435	131

Tafla V.13 Árslaun 2001	Meðaltal greiðsna eftir starfsaldri og starfsvettvangi						
	Fjöldi	Heildar- laun	Bíla- greiðsla	Dagpen- ingar	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
STOFUR							
0-4 ár	14	4.223	100	132	173	4.360	1.272
5-9 ár	7	4.252	205	300	330	4.579	1.974
10-15 ár	19	4.982	247	167	259	5.227	1.381
16 ár og hærri	23	5.108	309	140	396	5.406	1.471
Alls	63	4.778	225	163	298	5.028	1.492
AÐRIR Á ALMENNUM MARKAÐI							
0-4 ár	15	3.870	215	121	0	4.017	1.228
5-9 ár	16	5.153	356	273	0	5.445	1.135
10-15 ár	23	4.596	288	210	124	4.859	973
16 ár og hærri	27	4.996	393	169	155	5.306	1.421
Alls	81	4.705	320	205	138	4.968	1.296
RIKI OG							
REYKJAVÍKURBORG							
0-4 ár	3	-	-	-	-	-	-
5-9 ár	12	4.297	268	285	0	4.642	1.272
10-15 ár	16	4.095	329	134	98	4.404	1.156
16 ár og hærri	44	4.389	325	151	136	4.733	1.149
Alls	75	4.231	317	193	119	4.574	1.208
SVEITARFÉLÖG OG HÁLFOPINBERAR							
STOFNANIR							
0-4 ár	2	-	-	-	-	-	-
5-9 ár	8	4.800	209	109	400	5.100	686
10-15 ár	8	5.035	320	232	47	5.559	1.364
16 ár og hærri	20	4.696	308	147	134	5.013	938
Alls	38	4.762	293	170	153	5.132	982

Tafla V.14 Septemberlaun 2002	Meðaltal greiðslna eftir starfsaldri og starfsvettvangi							
	Fjöldi	Föst laun	Yfirvinna	Bíla- greiðsla	Dag- peningar	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
STOFUR								
0-4 ár	14	278	123	20	20	0	408	113
5-9 ár	8	331	70	15	0	22	414	128
10-15 ár	21	345	108	23	15	19	472	156
16 ár og hærri	23	374	77	24	20	28	451	136
Alls	66	339	97	22	17	22	444	137
AÐRIR Á ALMENNUM MARKAÐI								
0-4 ár	17	323	27	28	22	0	368	89
5-9 ár	17	410	53	42	0	0	471	130
10-15 ár	24	385	43	40	53	21	455	134
16 ár og hærri	28	392	38	42	57	17	462	129
Alls	86	380	40	39	47	18	443	128
RÍKI OG REYKJAVÍKURBORG								
0-4 ár	3	-	-	-	-	-	-	-
5-9 ár	12	256	80	32	47	112	389	107
10-15 ár	17	298	72	38	65	56	424	88
16 ár og hærri	47	277	105	34	33	25	418	100
Alls	79	276	94	34	49	44	413	99
SVEITARFÉLÖG OG HÁLFOPINBERAR STOFNANIR								
0-4 ár	2	-	-	-	-	-	-	-
5-9 ár	8	377	55	21	105	59	457	88
10-15 ár	8	368	114	31	59	15	536	155
16 ár og hærri	21	310	108	32	105	22	435	75
Alls	39	339	94	29	71	29	460	103

Tafla V.15 Árslaun 2001	Meðaltal greiðslna eftir aldri og starfsvettvangi						Staðal- frávik
	Fjöldi	Heildar- laun	Bíla- greiðsla	Dagpen- ingar	Annað	Heildar- greiðslur	
<b>STOFUR</b>							
25-29 ára	4	2.623	103	30	0	2.733	1.069
30-39 ára	24	4.344	183	224	245	4.589	1.273
40-49 ára	29	4.919	220	160	245	5.103	1.374
50-59 ára	10	5.613	327	128	584	6.022	1.710
60 ára og eldri	2	-	-	-	-	-	-
Alls	69	4.681	216	161	298	4.921	1.515
<b>AÐRIR Á ALMENNUM MARKAÐI</b>							
24-29 ára	2	-	-	-	-	-	-
30-39 ára	37	4.302	293	150	204	4.537	1.297
40-49 ára	27	5.115	307	255	118	5.378	1.393
50-59 ára	16	5.020	461	202	143	5.348	718
60 ára og eldri	1	-	-	-	-	-	-
Alls	83	4.685	326	200	138	4.950	1.295
<b>RÍKI OG REYKJAVÍKURBORG</b>							
24-29 ára	2	-	-	-	-	-	-
30-39 ára	13	3.675	200	265	63	3.991	929
40-49 ára	27	4.454	341	119	115	4.743	1.107
50-59 ára	22	4.372	387	186	177	4.834	1.281
60 ára og eldri	13	3.862	217	114	209	4.105	893
Alls	77	4.197	321	193	150	4.549	1.206
<b>SVEITARFÉLÖG OG HÁLFOPINBERAR STOFNANIR</b>							
24-29 ára	0	-	-	-	-	-	-
30-39 ára	10	4.471	333	147	200	4.929	715
40-49 ára	17	4.763	303	205	172	5.129	1.414
50-59 ára	12	4.616	220	119	0	4.859	865
60 ára og eldri	2	-	-	-	-	-	-
Alls	41	4.631	292	164	153	4.989	1.096

Tafla V.16 Septemberlaun 2002	Meðaltal greiðslna eftir aldri og starfsvettvangi							
	Fjöldi	Föst laun	Yfirvinna	Bíla- greiðsla	Dag- peningar	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
STOFUR								
25-29 ára	6	250	88	29	0	0	338	96
30-39 ára	27	303	117	21	12	9	415	131
40-49 ára	30	362	72	19	83	33	426	139
50-59 ára	10	384	111	27	0	0	483	143
60 ára og eldri	2	-	-	-	-	-	-	-
Alls	75	333	93	22	59	22	420	134
AÐRIR Á ALMENNUM MARKAÐI								
24-29 ára	2	-	-	-	-	-	-	-
30-39 ára	39	372	45	35	64	19	417	199
40-49 ára	30	395	58	46	35	23	447	131
50-59 ára	16	394	49	43	108	13	437	125
60 ára og eldri	1	-	-	-	-	-	-	-
Alls	88	382	48	39	47	18	427	163
RÍKI OG REYKJAVÍKURBORG								
24-29 ára	2	-	-	-	-	-	-	-
30-39 ára	14	275	84	35	60	62	352	80
40-49 ára	27	283	87	30	58	49	367	93
50-59 ára	25	277	107	41	31	21	379	96
60 ára og eldri	13	265	89	22	45	40	354	118
Alls	81	275	93	34	49	44	365	98
SVEITARFÉLÖG OG HÁLFOPINBERAR STOFNANIR								
24-29 ára	0	-	-	-	-	-	-	-
30-39 ára	10	394	28	31	73	37	417	112
40-49 ára	17	300	88	31	70	0	388	90
50-59 ára	13	333	135	25	0	22	447	134
60 ára og eldri	2	292	97	8	0	0	390	100
Alls	42	332	89	28	71	29	413	109

Tafla V.17 Árslaun 2001	Meðaltal greiðslna eftir aðalfagsviði og starfsvettvangi						
	Fjöldi	Heildar- laun	Bíla- greiðsla	Dagpen- ingar	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
<b>STOFUR</b>							
Byggingarsvið	36	4.375	255	125	300	4.659	1.582
Véla- og skipasvið	8	4.550	155	199	0	4.663	1.391
Rafmagnssvið	23	5.190	165	150	193	5.375	1.301
Rekstrar- og iðnaðarsvið	2	-	-	-	-	-	-
Orkusvið	0	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	0	-	-	-	-	-	-
Alls	69	4.681	216	161	298	4.921	1.515
<b>AÐRIR Á ALMENNUM MARKAÐI</b>							
Byggingarsvið	21	5.351	463	203	204	5.665	1.642
Véla- og skipasvið	23	4.824	277	214	175	5.110	1.215
Rafmagnssvið	17	4.683	262	141	60	4.840	754
Rekstrar- og iðnaðarsvið	20	3.856	279	119	114	4.095	899
Orkusvið	1	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	1	-	-	-	-	-	-
Alls	83	4.685	326	200	138	4.950	1.295
<b>RÍKI OG REYKJAVÍKURBORG</b>							
Byggingarsvið	38	4.181	335	240	156	4.583	910
Véla- og skipasvið	8	4.344	170	120	15	4.497	1.013
Rafmagnssvið	19	4.197	333	176	197	4.578	1.735
Rekstrar- og iðnaðarsvið	9	4.167	352	132	82	4.454	810
Orkusvið	1	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	2	-	-	-	-	-	-
Alls	77	4.197	321	193	150	4.549	1.206
<b>SVEITARFÉLÖG OG HÁLFOPINBERAR STOFNANIR</b>							
Byggingarsvið	20	4.443	370	165	250	4.799	1.183
Véla- og skipasvið	3	-	-	-	-	-	-
Rafmagnssvið	15	4.770	174	167	247	5.099	1.145
Rekstrar- og iðnaðarsvið	2	-	-	-	-	-	-
Orkusvið	1	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	0	-	-	-	-	-	-
Alls	41	4.631	292	164	153	4.989	1.096

Tafla V.18 Septemberlaun 2002	Meðaltal greiðslna eftir aðalfagsviði og starfsvettvangi							
	Fjöldi	Föst laun	Yfirvinna	Bíla- greiðsla	Dag- peningar	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
<b>STOFUR</b>								
Byggingarsvið	39	312	96	24	20	28	401	129
Véla- og skipasvið	8	342	62	21	270	0	404	97
Rafmagnssvið	26	364	101	20	12	20	457	152
Rekstrar- og iðnaðarsvið	2	-	-	-	-	-	-	-
Orkusvið	0	-	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	0	-	-	-	-	-	-	-
Alls	75	333	93	22	59	22	420	134
<b>AÐRIR Á ALMENNUM MARKAÐI</b>								
Byggingarsvið	21	417	57	45	33	32	465	174
Véla- og skipasvið	26	388	33	43	60	18	420	96
Rafmagnssvið	19	387	57	36	36	6	438	113
Rekstrar- og iðnaðarsvið	21	348	55	29	25	20	403	240
Orkusvið	1	-	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	1	-	-	-	-	-	-	-
Alls	89	383	48	39	47	18	427	162
<b>RÍKI OG REYKJAVÍKURBORG</b>								
Byggingarsvið	40	268	113	38	48	25	372	88
Véla- og skipasvið	8	274	91	16	0	2	365	97
Rafmagnssvið	21	289	61	29	52	70	349	118
Rekstrar- og iðnaðarsvið	9	286	61	50	59	52	347	79
Orkusvið	1	-	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið	2	-	-	-	-	-	-	-
Alls	81	275	93	34	49	44	365	98
<b>SVEITARFÉLÖG OG HÁLFOPINBERAR STOFNANIR</b>								
Byggingarsvið	21	278	105	38	57	34	384	96
Véla- og skipasvið	3	-	-	-	-	-	-	-
Rafmagnssvið	15	380	63	17	85	0	435	129
Rekstrar- og iðnaðarsvið	2	-	-	-	-	-	-	-
Orkusvið	1	-	-	-	-	-	-	-
Önnur fagsvið		-	-	-	-	-	-	-
Alls	42	332	89	28	71	29	413	109

Tafla V.19 Árslaun 2001	Meðaltal greiðslna eftir aðalstarfssviði og starfsvettvangi						
	Fjöldi	Heildar- laun	Bíla- greiðsla	Dagpen- ingar	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
<b>STOFUR</b>							
Stjórnun	8	6.135	410	254	473	6.612	1.620
Ráðgjöf	14	4.976	248	222	230	5.196	1.930
Hönnun	30	4.282	131	107	224	4.449	1.059
Eftirlit	9	4.363	383	183	170	4.698	1.044
Vöruþróun-hugbúnaður	4	3.700	60	131	60	3.763	1.102
Rannsóknir-kennsla	0	-	-	-	-	-	-
Markaðs- og sölustörf	0	-	-	-	-	-	-
Framkvæmdir	4	5.422	283	39	506	5.770	1.295
Alls	69	4.681	216	161	298	4.921	1.515
<b>AÐRIR Á ALMENNUM MARKAÐI</b>							
Stjórnun	38	4.873	397	146	127	5.158	1.412
Ráðgjöf	4	4.501	39	205	0	4.648	1.537
Hönnun	9	4.599	176	288	0	4.825	1.545
Eftirlit	3	-	-	-	-	-	-
Vöruþróun-hugbúnaður	3	-	-	-	-	-	-
Rannsóknir-kennsla	0	-	-	-	-	-	-
Markaðs- og sölustörf	15	4.608	281	249	0	4.909	903
Framkvæmdir	10	4.519	478	175	0	4.746	1.405
Alls	82	4.695	326	200	138	4.962	1.298
<b>RÍKI OG REYKJAVÍKURBORG</b>							
Stjórnun	30	4.643	307	130	93	4.947	1.270
Ráðgjöf	5	3.427	493	30	560	3.840	1.479
Hönnun	6	4.132	342	182	0	4.512	1.835
Eftirlit	13	3.732	331	142	15	4.111	565
Vöruþróun-hugbúnaður	1	-	-	-	-	-	-
Rannsóknir-kennsla	10	3.561	330	298	70	3.780	1.021
Markaðs- og sölustörf	1	-	-	-	-	-	-
Framkvæmdir	8	4.340	283	348	500	4.947	910
Alls	74	4.190	323	193	157	4.541	1.225
<b>SVEITARFÉLÖG OG HÁLFOPINBERAR STOFNANIR</b>							
Stjórnun	25	4.669	283	173	171	5.070	933
Ráðgjöf	1	-	-	-	-	-	-
Hönnun	1	-	-	-	-	-	-
Eftirlit	8	4.113	414	52	250	4.409	1.241
Vöruþróun-hugbúnaður	2	-	-	-	-	-	-
Rannsóknir-kennsla	0	-	-	-	-	-	-
Markaðs- og sölustörf	0	-	-	-	-	-	-
Framkvæmdir	3	-	-	-	-	-	-
Alls	40	4.627	287	161	191	4.976	1.106

Tafla V.20 Septemberlaun 2002	Meðaltal greiðslna eftir aðalstarfssviði og starfsvettvangi							
	Fjöldi	Föst laun	Yfirvinna	Bíla- greiðsla	Dag- peningar	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
<b>STOFUR</b>								
Stjórnun	8	396	120	24	20	0	501	131
Ráðgjöf	14	368	74	30	20	28	437	150
Hönnun	35	304	79	18	12	24	379	117
Eftirlit	10	297	167	32	0	0	447	134
Vöruþróun-hugbúnaður	4	372	0	15	270	5	372	140
Rannsóknir-kennsla	0	-	-	-	-	-	-	-
Markaðs- og sölustörf	0	-	-	-	-	-	-	-
Framkvæmdir	4	399	151	24	0	0	549	124
Alls	75	333	93	22	59	22	420	134
<b>AÐRIR Á ALMENNUM MARKAÐI</b>								
Stjórnun	41	410	49	42	43	13	455	200
Ráðgjöf	5	340	23	21	0	35	363	92
Hönnun	9	340	82	26	0	13	421	106
Eftirlit	5	390	63	72	16	21	441	108
Vöruþróun-hugbúnaður	3	-	-	-	-	-	-	-
Rannsóknir-kennsla	0	-	-	-	-	-	-	-
Markaðs- og sölustörf	15	370	22	22	43	0	390	42
Framkvæmdir	10	369	53	63	142	0	422	200
Alls	88	383	48	39	47	18	428	162
<b>RÍKI OG REYKJAVÍKURBORG</b>								
Stjórnun	32	302	96	28	43	48	398	95
Ráðgjöf	5	268	78	29	0	44	346	46
Hönnun	7	254	60	28	21	112	314	125
Eftirlit	14	258	81	53	47	27	333	93
Vöruþróun-hugbúnaður	1	-	-	-	-	-	-	-
Rannsóknir-kennsla	10	232	100	21	126	0	322	99
Markaðs- og sölustörf	1	-	-	-	-	-	-	-
Framkvæmdir	8	292	109	30	67	19	388	99
Alls	78	276	90	34	49	48	363	99
<b>SVEITARFÉLÖG OG HÁLFOPINBERAR STOFNANIR</b>								
Stjórnun	26	329	97	27	71	37	422	116
Ráðgjöf	1	-	-	-	-	-	-	-
Hönnun	1	-	-	-	-	-	-	-
Eftirlit	8	265	96	46	0	0	361	83
Vöruþróun-hugbúnaður	2	-	-	-	-	-	-	-
Rannsóknir-kennsla	0	-	-	-	-	-	-	-
Markaðs- og sölustörf	0	-	-	-	-	-	-	-
Framkvæmdir	3	-	-	-	-	-	-	-
Alls	41	326	92	28	71	34	409	105